

Bæjarráð og bæjarstjóri Vesturbyggðar

**Efni:** Áframhaldandi rekstur hitaveitu á Krossholtum sem byggir á umsögn Orkustofnunnar til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis í mars 2021 um hagnýtingu jarðhita.

Orkustofnun hefur yfirfarið fyrirbyggjandi gögn um forsendur hagnýtingar jarðhitans til hitaveitu Krossholts á Barðaströnd.

Vinnsluholur í góðu eða þokalegu standi hafi verið nýttar til húshitunar og sundlaugar undanfarna áratugi. Hagnýting hófst fyrir gildistöku auðlindalaga og því lítur Orkustofnun svo á að Vesturbyggð hafi ígildi nýtingarleyfis fyrir þeirri nýtingu sem þá var. Orkustofnun hefur ekki upplýsingar um að notkunin hafi aukist verulega frá árinu 1998 þegar auðlindalög tóku gildi.

Umræddar vinnsluholur eru í landi sem samkvæmt Fasteignaskrá er í eigu Vesturbyggðar. Í afsali var seljanda (landeiganda á Kross) gerð grein fyrir fyrirætlan kaupandans (Barðastrandahrepp) að hagnýtingu jarðhitans. Þar af leiðir gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við hagnýtingu Vesturbyggðar á jarðhita til reksturs hitaveitu á Krossholtum á Barðaströnd og lítur svo á að sveitafélagið hafi ígildi nýtingarleyfis jarðhita fyrir því magni sem var hagnýtt fyrir gildistöku auðlindalaga. Borholurnar eru auk þess í landi sem er í eigu sveitafélagsins og í afsali lóðarinnar var seljanda gerð grein fyrir fyrirætlan kaupandans að hagnýta jarðhitann í þeim mæli sem í afsal kemur fram.

Ennfremur áréttar Orkustofnun að ef hitaveitunni verði lokað muni allir notendur koma inn á beina rafhitun og einhver hluti þeirra eiga rétt á niðurgreiðslu húshitunnar. Notendur hitaveitunnar í dag eru 13 íbúðarhús, skólahúsnæði, félagsheimili og verslun. Orkustofnun hefur reiknað út að árleg niðurgreiðsla gæti numið 42 milljónum kr. yfir 12 ára tímabil.

Orkustofnun bendir á að samkvæmt lögum, nr.78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar er kveðið á um í 3.tölulíð 11.gr. að veita megi styrk til starfandi hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni og standa frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunnar dreifikerfis. Þetta ákvæði á við ef opinber hitaveita óskar eftir, eða fellst á, að yfirtaka rekstur hitaveitu á Krossholtum. Eingreiðsla gæti numið 32 millj.kr. m.v. 12 ára eingreiðslu.

Hitaveita hefur verið starfrækt á Krossholtum í rúm 40 ár. Fyrstu 14 árin innheimtir Barðastrandahreppur gjöld fyrir notkunn og sýna ársreikningar frá þessum árum að hitaveitan er rekin með góðum hagnaði. Við sameiningu fjögurra sveitafélaga 1994 í eitt sveitafélag Vesturbyggð hættir Vesturbyggð, að senda notendum hitaveitunnar reikninga og hefur Vesturbyggð þar af leiðandi ekki haft tekjur af auðlindinni í 28 ár. Þessi gjörningur sveitastjórna Vesturbyggðar í 28 ár að afsala sveitafélaginu lögbundnum tekjum af hagnýtingu auðlindarinnar er óskiljanlegur. Á sama tíma í 28 ár hefur engu viðhaldi verið sinnt þannig að nú eru allir innviðir að bila, lagnir ónýtar og lekar.

Þar sem ígildi nýtingarleyfis Vesturbyggðar á hitaveitunni hefur alla tíð legið fyrir og er áréttað með umsögn Orkustofnunnar frá því í mars 2021 liggur verulega á að Vesturbyggð taki ákvörðun um áframhaldandi rekstur hitaveitunnar á Krossholtum. Fasteignaeigendur á Krossholtum óska eftir

skýrum svörum Vesturbyggðar um tryggt vatn á Krossholtum. Tjón á 13 fasteignum ef hiti fer af húsum yfir vetratímenn getur hlaupið á tugum milljóna.

Með ósk um skjót og góð viðbrögð

Stjórn Hagsmunasamtaka fasteignaeigenda á Krossholtum